SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku– framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Reykjavík, 30. október 2018

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skrifstofa iðnaðar og nýsköpunar

Efni: Umsögn um drög að breytingu á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar

Í kynningu á málinu kemur fram að um sé að ræða breytingar sem fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu á grunnvirkjum fyrir óhefðbundið eldsneyti.

Skilgreiningar o.fl.

Í tillögunni felast breytingar á 2. gr. reglugerðarinnar þar sem fjallað er um skilgreiningar. Er þar bætt inn skilgreiningu á „rafknúnu ökutæki". Jákvætt er að tekið er af skarið um að það sé skilgreiningar atriði rafknúsins ökutækis að það þurfi að vera hlaðið utan ökutækis.

Síðar í breytingartillögunni er fjallað um **raforkusölusamninga** og þar með þá fyrirætlun að þeir sem kaupa rafmagn úr hraðhleðslustöð eigi að geta gert það **án þess** að gera raforkusölusamning við viðkomandi sölufyrirtæki. Að þessum þætti verður nánar vikið síðar. Sú umfjöllun kallar hins vegar á skoðun á því hvort nauðsynlegt er að taka inn í skilgreiningakaflann **fleiri útfærslur á raforkusölusamningum**. Er þá jafnframt vísað til síðari umfjöllunar um greiðsluleiðir við sölu á raforku úr hleðslustöð.

Hér kann einnig að þurfa taka til skoðunar **skilgreininguna á sölufyrirtæki** og þeirri stöðu sem upp kemur þegar fyrirtæki sem ekki eru sölufyrirtæki í skilningi 19. gr. raforkulaga nr. 65/2003 fara að selja rafmagn í gegnum hleðslustöðvar sem viðbótarþjónustu eða vildarþjónustu við viðskiptavini sína, en grunnrekstur þeirra er í raun í annarri þjónustu, verslun o.s.frv. (e. „add on"). Að þessu er nánar vikið í umfjöllun um tillögu að breytingu á 4. gr. reglugerðarinnar.

Þá er einnig tillaga um að inn komi skilgreining á hleðslustöð. Þar er spurning hvort rétt væri bæta við fleiri inní textann, þ.e. að taka fram að hleðslustöð sé skilaflötur þar sem hægt er að hlaða eitt **eða fleiri** ökutæki í einu. Ekki stórt atriði er fallið til meiri skýrleika. Þá kann að vera ástæða til að samræma skilgreiningu þessarar reglugerðar við fyrirhugaða breytingu á reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er nú með í vinnslu.

Loks er að geta þess varðandi skilgreiningarkaflann að eftir er að uppfæra skilgreiningu á **stórnotanda** til samræmis við þá breytingu sem gerð hefur verið í raforkulögum nr. 65/2003, sjá 17. tl. 3. gr. þeirra eins og þeim var breytt með lögum nr. 19/2011. Vera má að gera þurfi frekari rýni hér að lútandi í ljósi breytinga á raforkulögum hingað til.

Skyldur sölufyrirtækja skv. II. kafla reglugerðarinnar og raforkuviðskipti skv. III. kafla.

Í tillögunni felast breyting á 4. gr. reglugerðarinnar um skyldur raforkusölufyrirtækja. Hér er í upphafi rétt að vísa til þess sem áður er rakið um þær eðlisbreytingar sem reikna má að verði á sölufyrirkomulagi raforku og þar með hvort taka þarf sérstakt tillit til þess að gera verður ráð fyrir að fleiri en sölufyrirtæki í skilningi 19. gr. raforkulaga nr. 65/2003 muni selja raforku í hleðslustöðvum í framtíðinni. Mikilvægt hlýtur að vera að meta hvort ekki þurfi að gera breytingar á raforkulögum hér að lútandi og þá samsvarandi breytingar á þeirri reglugerð sem hér er til umfjöllunar.

Að þessum hugleiðingum slepptum er rétt að víkja að tillögu til breytinga á **1. tl. 1. mgr. 4. gr.** þar sem gert er ráð fyrir þeirri breytingu að **ekki sé skylt að gera raforkusölusamning við viðskiptavin sem fær afhent orku á hleðslustöðvum sem aðgengilegar eru almenningi**. Þessi breyting hangi síðan saman við fyrirhugaða breytingu á **1. mgr. 7. gr.** um upphaf raforkuviðskipta og skipti á sölufyrirtæki. Þar er enn frekar hnykkt á því að viðskiptavinir hleðslustöðva sem aðgengilegar eru almenningi skuli einnig bjóða upp á þann möguleika að notendur **rafbíla geti hlaðið án þess að gera samning við hlutaðeigandi sölufyrirtæki.**

Um þetta atriði er það að segja að mikilvægt er að hafa í huga að sala raforku á hleðslustöðvum er ólík sölu á jarðefnaeldsneyti á bensínstöðvum. Reynslan sýnir að langflestir rafbílanotendur hlaða rafbíla sína heima og hraðhleðslustöðvar eru því ákveðið öryggisatriði í hugum margra rafbílaeigenda fremur en reglulegur viðkomustaður. Veltutölur hleðslustöðva eru því allt aðrar heldur en bensínstöðva enda bíleigendur ekki með bensínstöð heima hjá sér. Í þessu samhengi er því mjög mikilvægt að eigendum/rekstraraðilum hleðslustöðva sé gert kleift að halda rekstrarkostnaði í lágmarki með því að nýta ýmsar nýjungar í greiðsluleiðum sem eru mun ódýrari en sala með hefðbundnum greiðslukortum þar sem kostnaður við kortalesara og þóknanir til greiðslukortafyrirtækja geta verið stór hluti þeirrar veltu sem um ræðir.

Þessar nýju greiðsluleiðir sem hér er vísað til kalla hins vegar á ákveðna skráningu viðskiptavinarins og viðskiptaupplýsingar þó það flokkist tæplega undir formlegan raforkusölusamning í skilningi raforkulaga og reglugerðarinnar. Mikilvægt er að orðalag reglugerðarinnar taki mið af þessu. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að sala á rafmagni er á samkeppnismarkaði og því ljóst að söluaðferðir viðkomandi eiganda/rekstraraðila hleðslustöðva verða að taka mið af því að þær feli ekki í sér samkeppnishamlandi aðgerðir. Hér

gilda því sömu sjónarmið og í öðrum viðskiptum að söluaðilar taki mið af þessu í söluskilmálum og tryggi þar með að möguleg ólík viðskiptakjör eftir því hvort viðskiptavinur kaupir einnig t.d. heimilisrafmagn af eiganda/rekstraraðilar hleðslustöðvar brjóti ekki í bága við samkeppnisreglur. Einnig verður að gera ráð fyrir því að önnur fyrirtæki sem fara að selja raforku sem viðbót við aðra grunnþjónustu sína vilji einnig nýta samskonar möguleika, hvort sem um beina sölu er að ræða eða að um einhverskonar vildarþjónustu sé að ræða t.d. hjá hótelum eða öðrum stöðum þar sem gera má ráð fyrir lengri viðdvöl hjá viðskiptavini.

Með þetta í huga mætti sjá fyrir sér að umrætt ákvæði mætti orða með eftirfarandi hætti:

> Notandi á rétt á að velja sér sölufyrirtæki, sem hann gerir raforkusölusamning við um afhendingu raforku á tilgreindum stað. Hleðslustöðvar sem eru aðgengilegar almenningi skulu einnig bjóða upp á þann möguleika að notendur rafknúinna ökutækja geti hlaðið ökutækið án þess að gera formlegan raforkusölusamning við hlutaðeigandi sölufyrirtæki. Hlutaðeigandi sölufyrirtæki er þó heimilt að áskilja að notendur hleðslustöðva nýti áskrift, auðkennislykla, smáforrit í snjalltækjum (APP) eða aðrar sambærilegar leiðir til að greiða fyrir þjónustu og orkukaup. Um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í þessum tilvikum gilda almennar lagareglur á hverjum tíma. Sölufyrirtæki er jafnframt heimilt að innifela sölu raforku í hleðslustöðvum við formlegan raforkusölusamning vegna heimilisnotkunar.

Hér er rétt að ítreka það sem áður hefur verið komið inn á um skilgreiningu á raforkusölusamningi og sölufyrirtæki og því að mögulegt sé að búa þar til fleiri flokka í skilgreiningarkaflanum.

Varðandi aðrar breytingar sem fyrirhugað er að gera á 7. gr. reglugerðarinnar samkvæmt tillögunni, þarf að rýna hvort réttur grunnur hefur verið notaður við innfærslu á breytingunum. Er hér vísað til þess að svo virðist sem breytingar sem komu inn með reglugerð nr. 1033/2004 falli út en reglugerðin eins og hún leit út fyrir þá breytingu komi inn. Sérstaklega skal hér vísað til **3. mgr. 7. gr.** þar sem í núverandi texta er fjallað um heimild til að gera rafrænan samning en með þeirri breytingartillögu sem hér er gerð er eins og hann eigi að falla út. Sjá einnig breytingu á 6. mgr. sem einnig virðist ekki ganga upp.

Að öðru leyti vísar Samorka til umsagna aðildarfélaga sinna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur

SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku– framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku